

Fundur stýrihóps fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara, 10. febrúar 2016, kl. 9-10.

Mættir: Sigurjón Mýrdal, Aðalheiður Steingrímsdóttir, Ársæll Guðmundsson, Guðný Helga Gunnarsdóttir, Ingibjörg Kristleifsdóttir, Þórður Kristjánsson og Sólrún Harðardóttir.

Viðfangsefni fundarins:

- SKÝRSLA fagráðs
- viðbrögð við greinargerð vinnuhóps um þarfir

Skýrsla fagráðsins

Sólrún fór yfir stöðuna varðandi vinnu við lokaskýrslu. Hún er byrjuð að vinna með kaflann sem hefur bráðabirgðarheitið *Stoðkerfi nánar*. Fór yfir hugsunina í þeim kafla og hvernig hann væri best tengdur við skýrsluna í heild sinni. Einnig var rætt um tillögur í kaflanum *Kennaramenntun og stoðkerfi*. Komið inn á hvernig vinnan um hlutverk, ábyrgð og skyldur ætti að skila sér inn í skýrsluna.

Kaflinn um *Stoðkerfi nánar* verður langt kominn á föstudag. Samsett skjal með öllum köflum verður sent stýrihópnum á mánudag.

Greinargerð um þarfir

Nokkrar ábendingar hafa komið í framhaldi af því að greinargerð vinnuhópsins um þarfir var send til fagráðsins. Aðeins var skipt verkum um að bregðast við ábendingum en Sólrún og Guðný munu svo ganga endanlega frá skýrslunni.

Önnur mál

Ekki hefur náðst viðtalsbil við ráðherra, varðandi framhaldið á starfi fagráðsins, en Sigurjón heldur málinu vakandi.

Næsti fundur verður eftir rétta viku: 17. febrúar kl. 9 í mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Fundi slitið

Sólrún Harðardóttir skráði punkta.